

Ed. 262. Frumvarp til laga [133. mál]
um breyting á lögum nr. 64 16. desember 1943, um birtingu laga og stjórnvaldaerinda.

(Lagt fyrir Alþingi á 82. löggjafarþingi, 1961—1962.)

1. gr.

Orðin „samningar við önnur ríki“ í 1. gr. laganna falli niður.

2. gr.

Á eftir efnismálgrein 2. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
Í C-deild Stjórnartíðinda skal birta samninga við önnur ríki, svo og auglýsingar varðandi gildi þeirra.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal birta í C-deild Stjórnartíðinda efni samkvæmt 2. gr. hér að framan frá 1. janúar 1962.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni utanríkisráðuneytisins. Á vegum þess er nú unnið að heildarútgáfu samninga Íslands við erlend ríki. Mun fyrirhugað, að sú útgáfa nái til ársloka 1961, og þykir hagræði að því, að frá þeim tíma verði unnt að hafa slíka samninga á einum stað sér í Stjórnartíðindum, en þetta efni hefur verið birt í A-deild Stjórnartíðinda, og þá eins og að líkum lætur á við og dreif innan um annað efni.